

Skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 5. janúar 2018
UST201711-120/K.S.J.
10.05.02

Efni: Deiliskipulag - sumarhús - Heiðarbær við Þingvallavatn

Vísað er til skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita er barst 16. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundahúss á jörðinni Heiðabæ við Þingvallavatn.

Skipulagssvæðið

Áætlað frístundahús er skipulagt á 0,7 ha lóð í landi Heiðabæjar við Þingvallavatn. Á afstöðumynd kemur fram að byggingin er staðsett 70 m frá Þingvallavatni.

Í greinargerð kemur fram að ofangreint frístundahús er áætlað á þegar steiptum sökklum (samþ. 15.03.2007). Einnig kemur fram að frístundahúsið er á einni hæð auk kaldrar útigeymslu í kjallara og að húsið er áætlað 198,2 m² og geymsla í kjallara 13,9 m².

Fráveita

Öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999, reglugerð um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006 og lög um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005.


Skv. 15. gr. reglugerðar nr. 650/2006 skal við hreinsun skólþs frá íbúðarhúsum, frístundahúsum og húsnæði tengd ferðaþjónustu á verndarsvæði Þingvallavatns beita ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun, sbr. reglugerð um fráveitur og skólþ.


Umhverfisstofnun bendir á að innan vatnasviðs Þingvallavatns þar sem eru ung og gljúp jarðlög og þar sem jarðvegur er þunnur, er rotþró með siturlögn oft ekki heppileg lausn og bendir stofnunin á að öruggasta leiðin til að koma í veg fyrir mengun, er að setja safnþró sem tæmd er reglulega, við frístundahús. Að mati Umhverfisstofnunar þarf sveitarfélagið að meta hvort forsvaranlegt er að fjölga frístundahúsum með rotþrær, og hvort ekki sé kominn tími til að krefjast safnþróa.

Náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreind frístundalóð er á verndarsvæði Þingvallavatns og skv. 3. gr. laga um verndun Þingvallavatns gildir eftirfarandi: „*innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn.*“ Einnig kemur fram í lögnum að vernda skuli lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem lifa nú í vatninu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast verði allt óþarfa rask á framkvæmdasvæðinu. Einnig er að mati stofnunarinnar mikilvægt að við ræktun gróðurs verði nýttar innlendar tegundir.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur